

Fundargerð 97. fundar

97. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldinn hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur þann 7. janúar 2013 kl. 14.30.

Í fundinum tóku þátt Guðmundur H. Einarsson, Árný Sigurðardóttir, Páll Stefánsson, Kristín Lóa Ólafsdóttir og Þorsteinn Narfason sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. mál. Heildarendurskoðun á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins

Lögð fram verklýsing Vatnaskila um heildarendurskoðun á vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið dagsett desember 2012.

„Verklýsing vegna heildarendurskoðunar á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðis var rædd. Viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæði fá hana til umsagnar og efnislegrar meðferðar.

“

2. mál. Þríhnúkakagigur tillaga að matsáætlun- Álit Skipulagsstofnunar.

Lagt fram álit Skipulagsstofnunar frá 28. desember 2012 um mat á umhverfisáhrifum á tillögu að matsáætlun vegna aðgengis að Þríhnúkakag í Kópavogi. Aðkomuvegur, aðstaða til skoðunar og þjónustubygging.

“Framkvæmdastjórnin ræddi álitid. Skýrslan nær ekki til þeirra áhrifa sem verða vegna aukinnar umferðar um Bláfjallaveg í tengslum við þessa og aðra uppbyggingu á svæðinu. Mengunarslys í kjölfar aukinnar umferðar um Bláfjallaveg er ein aðal áhætta er varðar vatnsvernd á svæðinu. Ákveðið að formaður óski eftir fundi við Vegagerðina um málið sem fyrst.”

3. mál. Formannsskipti í framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

Guðmundur H. Einarsson tekur við formennsku af Þorsteini Narfasyni sem gegnt hefur embættinu árin 2011-2012. Guðmundur mun gegna starfi formanns næstu tvö árin.

Fundi slitið kl. 16:00.